

KEILIR ÁRSSKÝRSLA 2022



Keilir

Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs



ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Keilir hefur á undanförunum árum lagt áherslu á að byggja upp skólastarf á grunni nýbreytni og þróunar menntatækifæra og hefur þannig skapað sér sérstöðu. Í vaxandi samkeppni þarf stöðugt að gæta þess að skólastarf þróist samhliða breyttum atvinnuháttum og mæti þörfum atvinnulífsins með réttu færni til starfa. Fyrirtækin byggja velgengni sína meðal annars á vel menntuðu og þjálfuðu starfsfólki. Mannauðurinn leggur grunn að stöðugri verðmætasköpun.

Í Keili er starfsfólk meðvitað um nauðsyn þess að aðlaga stefnur og tryggja að námsframboð sé í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru bæði af hálfu háskólaumhverfisins og atvinnulífsins. Skólinn hefur frá upphafi leitast við að vera á undan þeim straumum sem eru í gangi á hverjum tíma.

Árið 2022 markaðist af aðlögun og endurskipulagningu á starfsemi Keilis í kjölfar þeirra breytinga sem urðu í eigendahópnum með meirihlutaeign ríkissjóðs og sveitarfélaga á Suðurnesjum á félaginu Þessar breytingar hafa kallað á erfiðar ákvarðanir varðandi rekstur félagsins.

*Ástæður
rekstrarerfiðleika 2022
eru óhagstæðir
samningar og ákvarðanir
fyrri ára sem íþyngja
rekstrinum.*

*Þakkir til starfsmanna
og nemenda fyrir vel
unnin störf og góða
ástundun.*



**Jón Björgvin
Stefánsson**
Stjórnarformaður
Keilis

Ákvörðun um aðkomu ríkisjóðs og sveitarfélaga á Suðurnesjum að rekstrinum 2021 var á grundvelli erfiðrar fjárhagsstöðu Keilis og þeirra félaga sem tilheyra samstæðunni.

Rekstur ársins 2022 var erfiður eins og fram kemur í ársreikningum þeirra félaga sem tilheyra samstæðunni. Megin ástæður rekstrarerfiðleika Keilis 2022 eru áfram óhagstæðir samningar og ákvarðanir fyrri ára sem leiddu til skuldasöfnunar og íþyngja rekstrinum. Kaup Keilis á Flugskóla Íslands árið 2019 á háu verði hafa reynst Keili erfið og hefur leitt til þess að í ársreikningi IAA er viðskiptavild sem myndaðist við kaupin og var bókfærð í reikningnum árið 2019 kr.220.929.000 nú færð niður að fullu. Auk þess er hluti skulda IAA við Keili færður niður um kr. 391.603.007 af varúðarsjónarmiðum þar sem óvíst er um endurheimtur. Auk þessa var áfram glímt við afleiðingar heimsfaraldurs með skerðingu á tekjum og fækkun nemenda og þá sérstaklega í atvinnuflugnámi.

Með hliðsjón af rekstrarstöðunni var unnið að hagræðingu í rekstri með skipulagsbreytingum sviða, greiningarvinnu auk þess að þróunar- og samstarfsverkefnum var ýmist lokað, þau kláruð og/eða sett í nýjan farveg. Erfiðar rekstrákvæðanir eru framundan hjá Keili ef takast á að rétta reksturinn við og koma honum í farveg til framtíðar. Framkvæmdastjóri og aðrir stjórnendur félagsins hafa leitað allra ráða til að rétta af reksturinn og hefur árangurinn haft jákvæð áhrif á afkomu félagsins og þakka ber framlag þeirra en skuldavandi fyrri ára hefur reynst félaginu afar þungur og illviðráðanlegur.

Ég vil þakka framkvæmdastjóra, kennurum, starfsmönnum og nemendum Keilis fyrir vel unnin störf og ástundun. Sömuleiðis þakka ég stjórn skólans fyrir gott samstarf. Vonandi sjáum við fram á betri tíma með hækkandi sól fyrir bæði skólastarf og aðstæður í samfélaginu.

*Jón Björgvin Stefánsson,
stjórnarformaður Keilis*



2

ÁVARP FRAMKVÆMDASTJÓRA

Fjölbreyttur nemendahópur sækir ár hvert um nám í Keili til þess að styrkja sig til frekara náms og undirbúa sig fyrir áskoranir í atvinnulífinu. Í Keili er tekið á móti nemendum með persónulegri þjónustu og miklum vilja til þess að sinna nemendum á einstaklingsbundinn og nútímalegan hátt. Starfsfólkið hefur í krafti fjölbreytni í námsframboði tækifæri til þess að þjónusta breiðan nemendahóp. Nemendur upplifa náði samstarf með öflugum kennurum sem vilja fara framsýnar leiðir í kennslu og tryggja nemendum sínum bæði færni til frekara náms og sérhæfingu á vinnumarkaði.

Í upphafi ársins 2022 var unnið að því að skerpa fókusinn í Keili og vinda ofan af samningum sem hvorki þjóna starfsemi skólans né stuðla að heilbrigðum rekstri. Hagræðingarkrafa lá fyrir og gengu stjórnendur fremst í flokki til þess að mæta þeirri kröfu. Fækka þurfti stöðugildum, segja upp samningum, færa til verkefni og í einhverjum tilfellum leggja niður námsbrautir. Það er hvergi sársaukalaust að fara í gegnum slíkar aðstæður þó þar liggja að baki gildar ástæður.

Í kjölfar hagræðinga var útlitið bjartara heilt yfir fyrir Keili og starfsfólk Keilis tók þrátt fyrir erfiðleikana á aðstæðunum af æðruleysi með tilliti til þess að þjónusta við nemendur myndi hvergi slakna. Unnið var að því að taka skref til þess að gera Keili að heilsueflandi vinnustað og brýnt er í ljósi fyrri tíðar áskorana að hlúa að starfsfólki Keilis í hvívetna.

*Starfsfólk Keilis sýndi
hvergi slaka á þjónustu
við nemendur þrátt
fyrir erfiðar aðstæður.*

Nýtt teymi starfsmanna tók við forystu Flugakademíu Íslands árið 2022 og við tók afar mikil greiningarvinna og endurmat áætlana, sem ítrekað hafa brostið sl. ár. Yfirsýn yfir stöðuna og innri ferlar hafa sjaldan verið jafn stöndugir, en því fer verr og miður að hrun er í aðsókn atvinnuflugnáms í kjölfar heimsfaraldurs á heimsvísu. Þessu til viðbótar gætir mismununar í möguleikum íslenskra ungmenna til þess að fjármagna slíkt nám í samanburði við annað sambærilegt nám í íslensku menntaumhverfi. Atvinnuflugmenn þekkja þá stöðu að námið er kostnaðarsamt og það er umtalað í því umhverfi að fjármögnun náms hafi verið byggð á annars vegar botnlausu vinnuálagi og hins vegar óhefðbundnum lánaúrræðum innan nánustu fjölskyldu. Stjórnendur Keilis sáu til þess að staðan í þessum efnun væri stjórnvöldum skýr og vöktu athygli á því að í Flugstefnu frá 2019 hafi verið gert ráð fyrir því að færa atvinnuflugnám inn í menntakerfið. Ekki verður séð að staðan árið 2022 hafi breyst frá kynningu flugstefnu hvað varðar menntun flugmanna.

Keilir og Flugakademían tóku á vordögum þátt í kaupum á fyrstu Rafmagnsflugvél á Íslandi í slagtopi við öfluga aðila á markaði auk annarra flugskóla. Í ágúst mánuði urðu tímamót í flugsögu Íslands á Reykjavíkurlugvelli þegar rafmagnsflugvélinni var flogið í fyrsta skipti með farþega. Kaupin á þessari vél og reynslan af henni eru fyrstu skrefin í orkuskiptum flugsamgangna á landinu.

Ráðherra háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunar óskaði eftir því að heimsækja Keili í tengslum við vinnudag ráðherra á Suðurnesjum haustið 2022. Ráðherra kynnti sér námsframboð allra sviða en hafði sérstakan áhuga á því að fá greinargóðar upplýsingar um nýsköpunarverkefni í tengslum við þróun náms í tölvuleikjagerð, en Keilir hefur haft forgöngu um að þróa slíkt nám á framhaldsskólastigi á Íslandi. Námið í tölvuleikjagerð var sett upp í nánu samstarfi við fyrirtæki í tölvuleikjagerðariðnaði og lögð er rík áhersla á samstarf við atvinnulífið. Námsbrautin náði á árinu þeim árangri að útskrifa sinn fyrsta hóp nemenda.

Síðustu skref í gróskumikilli stefnumótunarvinnu fyrir 2023-2028 hélt áfram þvert á deildir. Upphaf stefnumótunarvinnunnar hófst á vordögum 2021 og var hluti af stærra ferli sem kláraðist í lok árs 2022 með þátttöku starfsmanna og stjórnar. Starfsfólk sýndi og sannaði í stefnumótuninni að Keilishjartað slær af krafti og það kjarnaðist enn og aftur í gildum Keilis; *Samstarf - virðing - framsækni - þjónusta*.

Á árinu lauk samstarfsverkefni Háskólabrúar við HÍ um fagháskólanám í leikskólafræðum. Unnin var greinargóð matsskýrsla á verkefninu í heild sinni og allir hlutaðeigandi sammældust um góðan árangur verkefnisins og ánægju nemenda með bæði nám og námsferilinn. Í lok árs varð ljóst að verkefnið myndi ekki halda áfram í núverandi mynd.

Áframhald krefjandi aðhaldsaðgerða, rekstrargreiningu og stefnumótunar frá fyrri árum hefur skipt sköpum á árinu og unnið að því að tryggja fyrirsjáanleika í rekstri. Markmið allra verka er að ná öruggum takti í starfseminni og þannig styrkja stoðir Keilis svo komandi kynslóðir geti áfram leitað í nám í Keili um ókominn tíma til þess að undirbúa sig undir frekara nám á háskólastigi og/eða störf í atvinnulífinu.

*Nanna Kristjana Traustadóttir,
Framkvæmdastjóri Keilis*



**Nanna Kristjana
Traustadóttir**
Framkvæmdastjóri
Keilis



3

HÁSKÓLABRÚ

Árið 2022 voru tvær námsleiðir undir Háskólabrú, aðfaranám Háskólabrúar og fagháskólanám í leikskólafræðum. Háskólabrú er nám á framhaldsskólastigi en miðar sérstaklega að því að undirbúa fullorðna námsmenn fyrir háskólanám og hefur frá upphafi verið í samstarfi við Háskóla Íslands. Fagháskólanám í leikskólafræðum er 60 eininga diplómanám á háskólastigi og er í samstarfi við menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Starfsmenn Háskólabrúar árið 2022 voru 18 talsins. Forstöðumaður var Berglind Kristjánsdóttir og Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir verkefnastjóri fyrri hluta árs en hún hóf svo fæðingarorlof í júní og þá var Helga Lind Sigurbergisdóttir ráðin í afleysingu frá 1.júní. Heiðrún Scheving Ingvarsdóttir var verkefnastjóri fagháskólanáms í leikskólafræðum. Á Háskólabrú störfuðu 14 kennarar ýmist í föstu starfi eða sem verktakar í stökum fögum. Kennarar fagháskólanáms í leikskólafræðum voru starfsmenn Háskóla Íslands.

Háskólabrú er aðfaranám fyrir fullorðna einstaklinga sem sett hefur verið upp í samstarfi við Háskóla Íslands.

Háskólabrú er aðfaranám fyrir fullorðna einstaklinga og markmið námsleiðarinnar er að undirbúa nemendur markvisst undir háskólanám. Keilir er aðfaranám að Háskóla Íslands og heyrir því undir þeirra gæðaeftirlit. Að lokinni Háskólabrú geta nemendur sótt um háskóla hérlandis og erlendis en flestir sækja nám við Háskóla Íslands. Háskólabrú er bæði kennd í staðnámi og fjarnámi í fullu námi sem er skipulagt til eins árs í þremur af fjórum deildum. Verk- og raunvísindadeild er skipulögð í þrjár annir en þó mögulegt að taka á einu ári og var sú námsleið fyrst í boði haustið 2022. Þá er einnig hægt að stunda námið á hálfum hraða í fjarnámi og er þá skipulagt til tveggja ára og hugsað fyrir nemendur sem stunda vinnu samhliða námi. Boðið hefur verið upp á að hefja staðnám að hausti en hægt er að hefja fjarnám bæði að vori og hausti. Árið 2022 bætist við ný námsleið á Háskólabrú sem er ætluð nemendum sem hafa lokið við stúdentspróf en vilja bæta við sig einingum í raungreinum til að styrkja sig fyrir háskólanám á því sviði.

Fagháskólanám í leikskólafræðum var sett upp haust 2020 í samstarfi við Háskóla Íslands og í samráði við sveitarfélögin á Suðurnesjum. Markmiðið var að efla menntun starfandi leikskólakennara á Suðurnesjum og var lögð áhersla á að námið væri sérsniðið fyrir þá starfsmenn. Um var að ræða 60 eininga diplómanám skipulagt til tveggja ára og með möguleika á áframhaldandi bakkalárnámi við Háskóla Íslands. Náminu lauk í júní 2022 með útskrift hjá HÍ en jafnframt tóku nemendur þátt í útskrift Keilis.

Háskólabrú - Aðsókn í nám

Árið 2022 hófu 209 nýnemar nám á Háskólabrú. Nemendur sem hófu staðnám haust 2022 voru 14 talsins og dróst aðsókn því saman frá árinu áður en þá hófu 28 nemendur staðnám á Háskólabrú. Aðsókn í fjarnám minnkaði jafnframt frá fyrra ári en 195 nemendur hófu fjarnám sem var um 15% minni aðsókn en árið áður. Vorið 2022 hófu 88 nemendur fjarnám og þar af voru rúmlega 47% nemenda í fjarnámi með vinnu eða 42 nemendur. Haustið 2022 hófu 107 nemendur fjarnám og rúmlega 43% af þeim eða 47 nemendur skráðu sig í fjarnám með vinnu. Þá hófu 6 nemendur nám í nýrri námsleið tengt verk- og raunvísindadeild sem er hugsuð sem viðbót við stúdentspróf.

Í fagháskólanáminu í leikskólafræðum árið 2022 var sami námshópur áfram í námi en þó varð um 20% brottfall vegna ýmissa persónulegra ástæðna. Upphaflega árið 2020 var lagt upp með að fara að stað með 15 nemendur en alls hófu 33 nemendur nám um haustið sem var vonum framar. Hluti hópsins hætti strax fyrsta mánuðinn eða 3 nemendur en eftir fyrsta árið stóðu 24 nemendur eftir og vor 2022 voru 18 nemendur eftir. Stærsti hluti nemenda var búsettur á Reykjanesi en einnig voru nemendur af Suðurlandi sem hófu námið. Af þeim 19 sem voru enn í námi vor 2022 voru 11 nemendur sem útskrifuðust í júní 2022. Stór hluti þeirra stefndi á áframhaldandi nám í Háskóla Íslands.

Meðalaldur, kynjahlutfall og búseta nemendahópsins

Meðalaldur nemendahóps Háskólabrúar í staðnámi 2022 var 28,5 ár en í fjarnámi var meðalaldurinn 31,5 ár. Á vorönn í staðnámi voru 41,7% nemenda með búsetu á höfuðborgarsvæðinu, 50% af Reykjanesinu, 4,2% á Suðurlandi og 4,1% á Austurlandi. Á haustönn voru hins vegar 87% nemenda með búsetu á Reykjanesi, 8,7% á höfuðborgarsvæðinu og 4,3% á Norðurlandi. Á vorönn í fjarnámi voru 26,6% nemendahópsins með búsetu á Reykjanesi en stærsti hluti hópsins kemur frá höfuðborgarsvæðinu eða 57,8% nemenda. Þá var skipting nemendahópsins sem stundar námið í öðrum landshlutum eða erlendis eftirfarandi: Austurland, 1,4%, Norðurland 3,2%, Suðurland 7,8%, Vesturland 1,4% og 1,8% var með búsetu erlendis. Á haustönn voru 23,4% með búsetu á Reykjanesi og 53,6% með búsetu á höfuðborgarsvæðinu. Skipting nemendahópsins eftir öðrum landshlutum var eftirfarandi: Austurland 2,1%, Norðurland 4,6%, Suðurland 10,5%, Vesturland 3,8% og þeir sem voru búsettir erlendis voru 2,1% af nemendahópnum.

Meðalaldur í Háskólabrú hefur verið um þrjátíu ár um árabíl.

Brottfall jókst eilítið árið 2022 og rýni í ástæður brottfalls benda til þess að bæði aukin atvinnutækifæri í samfélaginu og lakari andleg líðan hafa þar mikil áhrif.

Keilir hélt áfram samstarfi við Háskóla Íslands um fagháskólanám í leikskólafræðum árið 2022.

Von Keilis er að sambærileg verkefni verði til staðar áfram þar til hlutfall fagmenntaðra kennara hefur aukist í samfélaginu.

Kynjahlutfall á Háskólabrú var eftirfarandi; 59% skilgreindu sig sem konur og 41% sem karlar. Í fjarnámi var skiptingin þannig að konur voru um 61% nemenda en karlar eru 39% nemendahópsins. Í staðnámi var hins vegar minna bil en karlar voru 42% en 58% konur. Enginn í nemendahópnum skilgreindi sig með annað kyn.

Meðalaldur nemendahópsins í fagháskólanámi í leikskólafræðum var tæplega 36 ár. Kynjahlutfallið var 100% kvenkyns en ekkert annað kyn sótti um námsleiðina. Þá var 73,7% nemendahópsins með búsetu á Reykjanesi en 26,6% nemenda komu af Suðurlandi.

Brottfall

Árið 2022 var frábrugðið á Háskólabrú frá fyrri árum hvað varðar brottfall. Brottfall á Háskólabrú hefur verið lítið frá upphafi en vorið 2022 var aukið brottfall sem hélt svo áfram haust 2022. Við rýni á ástæðum fyrir úrsögnum nemenda, að þeirra sögn, voru þær aukin atvinnutækifæri, fjölskylduerfiðleikar eða slæm andlega líðan. Veltum við upp hvort aukið brottfall væri mögulega vegna áhrifa heimsfaraldar en það eru á þessu stigi aðeins getgátur. Markmið ársins 2023 er að rýna betur í brottfall Háskólabrúar fyrri ára og reyna sporna við því ef mögulegt er.

Fagháskólanám í leikskólafræðum

Árið 2022 hélt Keilir áframhaldandi samstarfi við Háskóla Íslands varðandi fagháskólanám í leikskólafræðum en verkefnið hófst vor 2020 og fyrstu nemendur komu haust 2020. Um var að ræða tímabundið verkefni til tveggja ára og veitti Keilir nemendum þjónustu tengt námsráðgjöf, húsnaði og tölvumálum. Einnig var verkefnastjóri námsins tengiliður nemenda við Háskóla Íslands og sat í fagráði með stjórnendum þar ásamt forstöðumanni Háskólabrúar og námsráðgjöfum Keilis.

Fyrirkomulag námsins vor 2022 var sambærilegt og haustið áður þ.e. nemendur blönduðust nemendum á fyrsta ári í leikskólafræðum og fengu þannig frekari tengingu við Háskóla Íslands. Kennslan fór fram í Stakkahlíð en einnig með rafrænum hætti. Hluti nemenda nýtti húsnaði Keilis einu sinni í viku þegar kennslan var rafræn og hélt áfram þeirra samskiptum við verkefnastjóra, námsráðgjafa og tölvudeild Keilis. Jafnframt tók hluti nemenda sín lokapróf í húsnaði Keilis í maí 2022.

Umræður um áframhaldandi samstarf og nýjan hóp voru stöðugt í gangi frá janúar til október 2022 en ekki var búið að tryggja fjármagn fyrir sambærilegt verkefni innan háskólans. Keilir lagði sitt af mörkum til að kanna möguleika á fjármagni fyrir annan hóp m.a. með því að senda erindi til sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum. Ákveðið var sumar 2022 að unnin yrði matskýrsla um verkefnið. Keilir skrifaði skýrslu um þætti sem sneru að fjármagni, kynningarstarfi og samstarfi ásamt tölulegum gögnum og hlutverki Keilis í samstarfinu en Háskóli Íslands rannsakaði sýn og upplifun nemenda, kennara og leikskólastjóra. Keilir afhenti öll gögn í byrjun október til Háskóla Íslands en lokaskýrsla var ekki klár í árslok. Í lok nóvember tilkynnti Háskóli Íslands að ekki yrði af áframhaldandi samstarfi við Keili en ef að námið færi af stað aftur yrði það hugsað út frá landsvísu en ekki eingöngu Reykjanesi eða Suðurlandi.

Verkefnið í heild var bæði gefandi og þroskandi að mörgu leyti og er Keilir stoltur af því að hafa fengið að taka þátt í samstarfi við Háskóla Íslands. Það var vitað að þörf fyrir fagmenntaða leikskólakennara var til staðar og er reyndar enn. Von Keilis er að sambærileg verkefni verði til staðar áfram þar til hlutfall fagmenntaðra kennara hefur aukist í okkar samfélagi.

Háskólabrú er í stöðugri þróun og á hverju ári er markvisst unnið að því að bæta skipulag og þróa námið með tilliti til framtíðar í námi.

Persónuleg nálgun skiptir máli þegar skapa á umhverfi sem er öruggt og uppbyggjandi.

Eftirfylgnikannanir benda til þess að útskrifaðir nemendur telja Háskólabrú mjög góðan undirbúning fyrir frekara nám.

Þróun og endurmenntun

Nám á Háskólabrú er í stöðugri þróun og á hverju ári er unnið markvisst að því að bæta skipulag og þróa námið í takt við nútímann og horfa til framtíðar. Jafnframt leggur Keilir áherslu á að kennarar fái svigrúm til endurmenntunar og vinni saman að endurbótum þvert á áfanga og jafnvel svið. Vandinámið stendur enn fyrir sínu og nemendur eru mjög ánægðir með þá kennsluaðferð svo nauðsynlegt er að viðhalda því og bæta ofan á. Við reynum ávallt að tileinka okkur nýjustu tækni sem völ er á í rafrænni kennslu og þannig leitast við að gera fjarnámskennslu aðgengileg og persónulega. Vorið 2022 var tekin ákvörðun um að skipta um kennslukerfi og færa okkur úr Moodle yfir í Canvas. Sú yfirfærsla gekk vonum frammar og voru allir áfangar komnir yfir í nýtt kennslukerfi haustið 2022. Upplifun kennara og menntasviðs Keilis er að Canvas sé einfaldara í notkun en fyrra kerfi og almenn ánægja með breytinguna.

Stefna og áhersla Háskólabrúar Keilis er ávallt að hafa í huga persónulega nálgun og því mikilvægt að skapa umhverfi sem er einfalt fyrir nemendur til að eiga samskipti en er jafnframt öruggt. Því er leitast við að þjónustan og aðgengi nemenda að kennurum og stoðþjónustu sé mögulegt bæði í húsnæði Keilis sem og með rafrænum hætti. Ásamt Canvas og samskiptamöguleikum þess forrits er áfram stuðst við Office 365 og möguleikum innan þess kerfis eins og Outlook og Teams.



Gæðastarf Háskólabrúar

Í Keili starfar gæðaráð sem skipuleggur og tryggir gæðastarf í samráði við öll svið. Á Háskólabrú er sérstök handbók nemenda þar sem ýmsar gagnlegar og hagnýtar upplýsingar koma fram. Tvisvar á ári fá kennarar mat á sín störf frá nemendum sem svara kennslukönnun þegar áfanga er að ljúka. Einn sinni á ári er jafnframt matsfundur með nemendum þar sem nemendur fá tækifæri til að koma með ábendingar. Nemendur fá tækifæri til að koma með jákvæðar athugasemdir en geta einnig bent á þætti sem gætu betur farið. Í lok hvers skólaárs þ.e. að vori er matsfundur kennara þar sem farið er yfir veturinn með gagnrýnum augum og þar eru jafnframt dregnir fram þættir sem ánægja er með en jafnframt hvar við gætum bætt starfið.

Ári eftir útskrift nemenda á Háskólabrú eru sendar út kannanir þar sem verið er að kanna hvernig nemendum vegnar eftir útskrift. Bæði er spurt um upplifun nemenda af náminu hvað varðar fyrirkomulagið okkar og hvernig þeir telja sig vera undirbúna fyrir áframhaldandi nám. Niðurstöður úr könnun útskrifaðra nemenda árið 2022 voru sambærilegar og hafa verið síðustu ár.

„Frábær nútímaskóli þar sem skrefin eru tekin stór og smá eftir þörfum nemenda“

Fagráð Háskólabrúar er skipað fulltrúum Háskólabrúar og fulltrúum Háskóla Íslands.

Heildarfjöldi útskrifaðra telur við árslok 2371 nemanda.

Nemendur eru ánægðir með undirbúninginn fyrir háskólanámið og þökkuðu kennurum Háskólabrúar sérstaklega fyrir þeirra faglegu nálgun og aðferðir en 94% af þeim sem svöruðu könnuninni töldu sig hafa fengið mjög góðan eða góðan undirbúning fyrir áframhaldandi nám. Nefndir voru þættir eins og skipulagið (lotur), kennsluhættir (vandinám) og fagmennska kennara sem hefðu gert það að verkum að undirbúningurinn væri eins góður og raunin varð. Lýsandi dæmi um þetta komu fram í athugasemdum frá nemendum;

„Andinn í Keili er frábær, kennararnir til fyrirmyndar og án ykkar væri ég ekki í draumanáminu. TAKK fyrir allt!“

„Frábær nútímaskóli þar sem skrefin eru tekin stór og smá eftir þörfum nemenda“

„Innilegar þakkir aftur fyrir frábæran undirbúning fyrir háskólanám. Allt sem þið eruð með, námsefni, aðferðir við skrif, hversu harðir og nákvæmir kennararnir eru, er mjög gott! Dagbækurnar sem þið eruð með í nokkrum fögum, þetta er allt í háskólanáminu mínu og hafði ég virkilega góðan undirbúning. Lærði mikið af náminu ykkar. Get ekki hætt að lofa það!“

Niðurstöður sem þessar gerir okkur enn stoltari af námsleiðinni og okkar framúrskarandi starfsmannahópi sem vinnur með nemendum á Háskólabrú. Frábærar niðurstöður fyrir Háskólabrú Keilis sem gefa starfsfólkinu frekari innblástur til að halda áfram að þróa námið og koma til móts við þarfir nemenda.

Samstarf

Háskólabrú hefur verið í nánú samstarfi við Háskóla Íslands með undirritun samstarfssamnings milli skólanna varðandi aðfaranámið. Fagráð Háskólabrúar er skipað tveimur fulltrúum Háskólabrúar og þremur fulltrúum Háskóla Íslands.

Gott samstarf er á milli Háskólabrúar og símenntunarstöðva sem eru víðs vegar um landið. Árið 2009 undirbjó Keilir námsleið í samstarfi við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum sem fékk heitið Menntastöðir og er undirbúningur fyrir nám á Háskólabrú. Fleiri símenntunarstöðvar bjóða upp á þessa námsleið og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur sett slíka námsleið inn í kennsluskrá sína. Þá koma nemendur frá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (MSS) og Mími símenntun í Reykjavík reglulega í kynningu fyrir Háskólabrú eða a.m.k. einu sinni á önn kemur nýr hópur. Þá hafa nemendur í fjárnámi á Háskólabrú nýtt aðstöðu fræðslumiðstöðva víðs vegar um landið til að taka próf.

Háskólabrú er jafnframt í samstarfi við endurhæfingarstöðvar eins og Hringsjá og Virk þar sem skjólstæðingar þeirra hafa komið reglulega til okkar í námskynningar.

Einnig hafa nemendur Háskólabrúar möguleika á að taka sín lokapróf víðsvegar um heiminn í öðrum menntastofnunum, sendiráðum eða hjá ræðismönnum og er ávallt gerður sérstakur samstarfssamningur við þær stofnanir sérstaklega.

Útskrift

Skólaárið 2022 útskrifuðust 154 nemendur af Háskólabrú úr stað- og fjárnámi og 11 nemendur úr fagháskólanáminu í leikskólafræðum frá Háskóla Íslands. Heildarfjöldi útskrifaðra er því kominn upp í 2371 nemanda. Af þeim 154 nemendum sem útskrifuðust 2022 luku 100 nemendur námi af félagsvísinda- og lagadeild, 22 af viðskipta- og hagfræðideild og 32 af verk og raunvísindadeild. Við erum ákaflega stolt af þeim fjölda nemenda sem hefur útskrifast af Háskólabrú og hlökkum til að halda áfram að taka þátt í menntun fullorðinna nemenda sem hyggja á háskólanám í framtíðinni eða styrkja stöðu sína á vinnumarkaði.

Árið 2022 var bætt við námsleið fyrir stúdenta sem vilja styrkja sig í raungreinum.

Lokaorð

Árið 2022 var krefjandi og lærdómsríkt eins og við má að búast í skólastarfi. Við höldum áfram að leggja mikla áherslu á persónulega þjónustu við nemendur og gefum svigrúm til endurmenntunar. Bætt var við námsleið til að koma til móts við nemendur sem hafa lokið stúdentsprófi en vilja styrkja sig í raungreinum en höfðum við fengið fyrirspurnir um slíka viðbót í fjarnámi síðustu árin. Aðsókn á Háskólabrú var minni en árið á undan en ástæður geta verið margvíslegar en miðað við samtal við aðrar menntastofnanir þá virðist það vera víðar og gætum við verið að sjá afleiðingar eftir heimsfaraldur. Þá jókst brottfall á milli ára sem vekur okkur til umhugsunar og tekin hefur verið ákvörðun um að greina betur og bregðast við. Gæðastarf Háskólabrúar er mikilvægur þáttur í starfseminni þar sem við fáum vísendingar um það sem er gott í okkar starfi en jafnframt það sem mætti bæta. En jákvæðar athugasemdir um starf á Háskólabrú eru ekki síður mikilvægar fyrir starfsfólkið líkt og þeir þættir sem mætti bæta. Starfsfólk Háskólabrúar horfir björtum augum til framtíðar og hlakkar til að halda áfram að taka þátt í að móta námsumhverfi fyrir fullorðna einstaklinga og gefa þeim tækifæri á framhaldsmenntun sem nýtist þeim í námi og starfi.



**Berglind
Kristjánsdóttir**
*forstöðumaður
Háskólabrúar*



4

HEILSUAKADEMÍA

Fyrri hluta ársins 2022 voru sex námsleiðir í boði innan Heilsuakademíunnar. Um mitt árið var tekin ákvörðun um að loka námsbraut í ævintýraleiðsögn vegna fárra umsókna. Heimsfaraldurinn setti mark sitt á námið fyrri hluta ársins en þó ekki svo að starfsemin hafi raskast.

Starfsemi Heilsuakademíunnar einkenndist af endurskoðun á nánast allri starfsemi, bæði innan námsleiðanna sjálfra sem og rekstrarlegum skilyrðum.

Markmið sviðsins um að bjóða uppá gott nám var haft að leiðarljósi í öllum aðgerðum. Heilt yfir gekk endurskoðunin vel og mikill ávinningur náðist og þá sérstaklega í fjárhagslegri endurskipulagningu um leið og gæði námsbrautanna voru aukin.

Starfsfólk

Tvær mannabreytingar áttu sér stað á árinu. Verkefnastjóri ævintýraleiðsögunámsins (Adventure Guide Certificate) Ragnar Þór Þrastarson lét af störfum vegna lokunar námsbrautarinnar. Formleg lokun net-einkaþjálfunarnámsins, Nordic Personal Training Certificate, fór fram í upphafi árs og lét Ben Pratt, umsjónarmaður námsins, af störfum á sama tíma.

Engar nýráðningar áttu sér stað á skrifstofu sviðsins á árinu, Elvar Smári Sævarsson sinnti áfram stöðu forstöðumanns og þau Bjartmar Steinn og Haddý Anna stöðum verkefnastjóra. Í lok árs voru því alls þrjú stöðugildi á skrifstofu sviðsins.

Scott Gribbon sinnti áfram sínu hlutastarfi sem kennari við námsbraut í fótaaðgerðafræði en þurfti frá að hverfa vegna veikinda í október. Fótaaðgerðafræðingarnir Heiðrún Unnarsdóttir og Edda Lára Guðgeirsdóttir hlupu í skarðið í meðferðarstofunni og Freydís Baldrún Antonsdóttir kennari við brautina, tók yfir bóklega hluta kennslunnar.

Tinna Stefánsdóttir sinnti áfram hlutastarfi sem kennari við ÍAK einkaþjálfaranámið. Ein breyting var gerð á kennurum sem starfa sem verktakar; Einar Kristjánsson tók við af Ben Pratt sem kennari í áfanga sem ber nafnið Starfsumhverfi einkaþjálfara.

Námsframboð

Námsbraut í einkaþjálfun hefur verið í boði frá stofnun sviðsins og er önnur af tveimur viðurkenndum námsbrautum á framhaldsskólastigi innan Heilsuakademíuna. Samningur er í gildi við mennta- og barnamálaráðuneyti um rekstur brautarinnar og Menntasjóður námsmanna veitir nemendum lán fyrir námsgjöldum. Námsbrautin er í heildina 180 framhaldsskólaeiningar og þar af eru 80 einingar sem tilheyra sérgreinum einkaþjálfunar, eða sá hluti sem kenndur við Keili. Vorið 2022 útskrifuðust 30 nemendur af þeim 32 sem hófu nám haustið 2021. Haustið 2022 hófu 33 nemendur nám við brautina.

Námsbraut í styrktarþjálfun hefur verið í boði frá 2014 þar sem áhersla er lögð á þjálfun íþróttafólks. Námið er ekki viðurkennt af mennta- og barnamálaráðuneyti og því fjármagnað að fullu með skólagjöldum. Þeir sem hafa sótt námið hafa ýmist haft hug á því að taka að sér þjálfun íþróttafólks eða vilja nýta þekkinguna til eigin þjálfunar. Námið er að stórum hluta samkennt með námsbraut í einkaþjálfun. Vorið 2022 luku 16 nemendur námi við brautina en sex nemendur bættust við um áramótin en þar er um að ræða nemendur sem lokið hafa ÍAK einkaþjálfaranámi og vilja bæta styrktarþjálfaranáminu við. Haustið 2022 hófu 11 nemendur nám við brautina.

Nordic Fitness Education er netskóli sem hóf starfsemi árið 2017 og bauð upp á nám í einkaþjálfun ásamt styttri námskeiðum tengdum heilsu og lífstíl. Tekin var ákvörðun á árinu 2021 að leggja skólann niður vegna dræmrar aðsóknar. Síðustu nemendurnir voru útskrifaðir á vorönn 2022, tveir talsins. Verkefnastjóri námsins, Ben Pratt, lét af störfum á sama tíma.

Námsbraut í fótaaðgerðafræði telur í heildina 199 framhaldsskólaeiningar og þar af eru 90 einingar tileinkaðar sérgreinum fótaaðgerðafræðinnar, kenndar eru á þremur önnum. Námsbrautin er viðurkennd af barna- og menntamálaráðuneyti og Menntasjóður námsmanna veitir nemendum lán fyrir skólagjöldum. Námsbrautin var stofnuð árið 2017 og síðan hafa 45 útskrifast úr náminu. Tólf nemendur hófu nám í ágúst 2021 og aðrir 12 í janúar 2022 og var heildarfjöldi nemenda við brautina á árinu 24. Í janúar útskrifuðust 11 nemendur frá námsbrautinni.

ÍAK einkaþjálfaranámið hefur verið í boði frá stofnun Heilsuakademíunnar.

ÍAK einkaþjálfun er viðurkennd starfsnámsbraut á 3.hæfniprepi.

Adventure Guide Certificate (AGC) er nám í leiðsögn í ævintýraferðamennsku og var í boði frá árinu 2013. Námið var undir handleiðslu Thompson Rivers University (TRU) í Kanada og var því á háskólastigi. Vorið 2022 útskrifuðust 12 nemendur úr náminu sem reyndust verða þeir síðustu þar sem ákveðið var að leggja námið niður vegna dræmrar aðsóknar. Samstarfsamningi við TRU var því rift og allur kennslubúnaður seldur.

Undirbúningsnámskeið fyrir Inntökupróf Læknadeildar HÍ undirbýr nemendur fyrir Inntökupróf Læknadeildar Háskóla Íslands. Námskeiðið samanstendur af kennsluvef, sem inniheldur mikið magn af æfingaefni, og staðlotum þar sem kennarar flytja fyrirlestur og aðstoða nemendur við dæmaútreikning. Námskeiðið hefur verið vel sótt og hefur fjöldi þátttakenda farið yfir 300. Í tímum covid-19 heimsfaraldursins fór kennslan fram í gegnum fjarfundabúnað og í framhaldi var gerð tilraun með að streyma frá staðlotum. Tilraunin gekk vel og nú geta allir sem vilja sótt námskeiðið, óháð staðsetningu. Áfram verður unnið að nútímavæðingu námskeiðsins með nýtingu upplýsingatækninnar í enn frekari mæli.


Vinnuverndarskóli Íslands (VÍ) hóf starfsemi í lok ársins 2019 og hefur það markmið að bjóða uppá námskeið sem tengjast vinnuvernd og veita réttindi á vinnuvélar. Jafnvægi komst á rekstur skólans á árinu en áhersla var lögð á að selja þau námskeið sem veita réttindi á vinnuvélar, Grunnnámskeið vinnuvéla og Brúkrananámskeið. Þýðingum á kennsluefni námskeiðanna yfir á pólsku lauk á árinu og eru námskeiðin nú í boði á þremur tungumálum, íslensku, ensku og pólsku.

Nemendur Heilsuakademíu Keilis á árinu (að Vinnuverndarskóla Íslands undanskildum)

Fjöldi umsókna um nám í einkaþjálfun, styrktarþjálfun og fóttaðgerðafræði voru á árinu alls 146. Af þeim voru 16 sem voru skráðir í ÍAK undirbúning sem er ætlaður þeim sem uppfylla ekki inntökuskilyrðin fyrir einkaþjálfaranám og fóttaðgerðafræði. Flestir sækja um að komast í einkaþjálfaranámið en fæstir um nám í fóttaðgerðafræði.

Heildarfjöldi útskrifaðra nemenda við Heilsuakademíu Keilis frá árinu 2008 til ársins 2022 er lýst á meðfylgjandi mynd. Heildarfjöldi nemenda lækkar milli ára og munar þar mestu um fækkun í Undirbúningsnámskeiði fyrir Inntökupróf Læknadeildar HÍ. Ástæðuna má hugsanlega rekja til hækkunar á verðskrá en einnig er óljóst hversu margir stefna á Inntökuprófið í júní 2023. Fjöldgun var á útskrifuðum nemendum í námsbraut í einkaþjálfun og fóttaðgerðafræði en fækkun í námi í styrktarþjálfun.


Fjöldgun var á útskrifuðum nemendum í einkaþjálfun og fóttaðgerðafræði.



Aðsókn í námskeið Vinnuverndarskóla Íslands

Meðfylgjandi mynd sýnir fjölda þeirra seldra námskeiða VÍ á árinu samanborin við árin 2020 og 2021. Í kjölfar endurskipulagningar á skólanum var áhersla sett á þau námskeið sem hafa selst best sem eru námskeið sem veita réttindi til vinnu við vinnuvélar þ.e. Grunnnámskeið vinnuvéla og Brúkrananámskeið. Þónokkur umsvif hafa einnig verið í kringum námskeið ætluð öryggistrúnaðarmönnum og því var áfram boðið upp á það. Aukning varð á sölu á Grunnnámskeiði vinnuvéla frá árunum áður og á seldum Brúkrananámskeiðum frá árinu 2021. Mikill fjöldi seldra Brúkrananámskeiða árið 2020 útskýrist af því að vinna við brúkrana var gerð réttindaskyld á árinu.

Aukning varð á sölu á grunnnámskeiði vinnuvéla frá árunum áður.



Kynjasamsetningu nemendahópa Heilsuakademíunnar er lýst í Töflu 1. Meðalaldurinn var hæstur meðal nemenda í fótaaðgerðafræði en lægstur hjá þátttakendum í Undirbúningsnámskeiði fyrir Inntökuþróf. Konur eru í meirihluta á þremur brautum og karlar á þremur. Fótaaðgerðafræðin sker sig úr þar, aðeins einn karlmaður stundar þar nám.

Kynjasamsetning í fótaaðgerðafræðinámi er 96% konur og 4% karlar. Enginn skilgreinir sig af öðru kyni.

Tafla 1. Samsetning nemendahópa Heilsuakademíu í október árið 2022				
	Einkaþjálfun	Styrktarþjálfun	Fótaaðgerðafræði	Innt.pr.
Fjöldi	33	16	24	107
Aldur	29	27	45	20
Kyn				
Konur	73%	64%	96%	66%
Karlar	27%	36%	4%	34%

Framtíð og þróun

Áfram verður haldið vað efla gæði kennslunnar á námsbrautum sviðsins með að rýna í framkvæmd hennar. Markmiðið er að auka fjölda nemenda í bæði ÍAK einkaþjálfun og fótaaðgerðafræði og ná þannig betri nýtingu á fjárfestingum um leið og bætt verður í þjónustu og gæði.

Námsbraut í einkaþjálfun: Endurskoðun á námsbraut í einkaþjálfun og námi í styrktarþjálfun fór fram árið 2021 og er beðið samþykkis ráðuneytis fyrir breytingum. Verði breytingar samþykktar munu gæði þjálfaranámsins aukast til muna. Aðstaða til verklegrar kennslu verður tekin til skoðunar og stefnt að því að koma upp aðstöðu í húsnæði Keilis áður en langt um líður. Með því yrði stórt skref stigið í að auka hagræðingu innan sviðsins og að auki opnast tækifæri til útvíkkunar á starfsemi brautarinnar til dæmis með endurmenntunarnámskeiðum.

Aukning varð á sölu á grunnnámskeiði vinnuvéla frá árunum áður.

Fyrirhugað er að tæka inn fleiri nemendur í hvern hóp á námsbraut í fótaaðgerðafræði en hingað til hefur verið gert. Stefnt er að því að fjöldi nemenda verði að lágmarki 14 í hverjum hópi en hingað til hefur hámarkið verið 12. Nýnema verða einungis teknir inn að hausti hvers árs og fallið frá inntöku nýnema í janúar. Þessar breytingar munu einfalda stjórnsýslu og auka fjárhagslegt hagræði. Áfram verður reynt að fá nemendaígildi fyrir námsbrautina og í framhaldi lækka skólagjöldin sem eru nú um 2,4 milljónir.

Undirbúningsnámskeið fyrir Inntökupróf Læknadeildar Háskóla Íslands mun áfram verða í stöðugri endurskoðun. Engar breytingar á grunnfyrirkomulagi þess eru fyrirhugaðar og markmiðið verður áfram að bjóða uppá öflugt námskeið fyrir þá sem hyggjast þreyta Inntökupróf Læknadeildar. Helsta ógn námskeiðsins kemur frá erlendum aðilum sem bjóða uppá námsefni sem nýtist sem undirbúningur fyrir Inntökuprófið. Núverandi staðsetning staðlota er í húsnæði Háskóla Íslands við Stakkahlíð sem hýsir Menntavísindasvið skólans. Menntavísindasvið mun flytja sig um set á næsta ári og því er viðbúið að finna verði námskeiðinu nýjan stað árið 2024.

Í nánustu framtíð verður áherslan í Vinnuverndarskóla Íslands áfram á námskeið sem veita réttindi til starfa við vinnuvélar. Aukinn kraftur verður settur í markaðssetningu á námskeiðunum í samráði við markaðsdeild Keilis. Hugað verður að nýjum námskeiðum sem gætu fallið vel að starfsemi skólans og grundvöllur fyrir að bjóða uppá fræðslu á starfsstöðvum fyrirtækja kannaður - þá verði verktakar ráðnir inn í þau störf.

Samstarfsaðilar

Heilsuakademían átti í samstarfi við aðila innan heilsugeirans á árinu. Fyrst ber að nefna Landspítalann en samningur var gerður varðandi verknám nemenda í fótaaðgerðafræði. Fyrstu nemendurnir hófu verknám samkvæmt samningnum á haustönn. Samstarf var einnig við fyrirtæki í heilsuræktargeiranum, sem voru World Class, Sporthúsið og AlphaGym, þar sem kennsla í verklegum greinum ÍAK einka- og styrktarþjálfunar fór fram.

Lokaorð

Árið 2022 reyndist nokkuð gott í Heilsuakademíunni og náðust markmið ársins að flestu leyti. Jafnvægi komst á rekstur Vinnuverndarskólans og var fjöldi nemenda við sviðið í samræmi við áætlanir. Veikindi innan teymis fótaaðgerðafræðinnar settu mark sittu á seinni hluta ársins innan brautarinnar. Um tíma var útlit fyrir að fresta þyrfti námslokum nemendanna en til þess kom þó ekki. Rekstur Heilsuakademíunnar er stöðugur og tími sóknar að hefjast með m.a. þróun styttri námskeiða fyrir útskrifaða einkaþjálfara og fótaaðgerðafræðinga.



***Dr. Elvar Smári
Sævarsson***
*forstöðumaður
Heilsuakademíu Keilis*



5

MENNTASKÓLINN Á ÁSBRÚ

Árið 2022 útskrifaðist í fyrsta sinn nemendahópur frá Menntaskólanum á Ásbrú. Skólinn hóf sitt fjórða starfsár á haustönn með öflugum kennarahópi ásamt starfsfólki frá Mennta- og þjónustusviði. Í MÁ er stúdentsbraut í tölvuleikjagerð og á annan tug fjarnámsáfanga. Starfsemi MÁ er að festa sig í sessi með vendinámi, einstaklingsmiðaðri þjónustu, fagmennsku og notalegu námsumhverfi.

Þegar skólahald hófst haustið 2022 var forstöðumaður í fullu starfi, áfangastjóri í hálfu starfi, félagsmálafulltrúi í hlutastarfi og tólf kennarar ýmist í fullu starfi, hlutastarfi eða verktöku. Nemendur MÁ njóta þjónustu stoðsviða Keilis s.s. námsráðgjafa, kennsluráðgjafa, tæknilegrar aðstoðar og móttöku.

Stúdentsbrautin

Í Menntaskólanum á Ásbrú er stúdentsbraut með áherslu á færni í tölvuleikjagerð. Námsleiðin er skipulögð þannig að námið sé áhugavekjandi, skapandi og eflandi fyrir nemendur. Námskráin er gerð í samræmi við Aðalnámskrá framhaldsskóla og samkvæmt leiðbeinandi viðmiðum frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Stúdentsprófið er 200 framhaldsskólaeiningar og námslokinn eru á hæfniprepi þrjú skv. Aðalnámskrá framhaldsskóla.

2022 var fjórða árið sem Menntaskólinn á Ásbrú starfrækti stúdentsbraut með áherslu á færni í tölvuleikjagerð.

Lögð er rík áhersla á bæði nútímalega kennsluhætti og vinnuaðstöðu á stúdentsbrautinni. Fyrir utan nám í hefðbundnum kjarnagreinum vinna nemendur sérstaklega með færni og þekkingu sem býr þá undir áframhaldandi framhaldsnám í greinum sem tengjast tölvuleikjagerð á fjölbreyttan hátt. Nemendur sem útskrifast af brautinni öðlast hagnýta menntun í tölvuleikjagerð, skapandi greinum og frumkvöðla- og markaðsfræðslu. Námið tekur mið af þörfum allra nemenda á einstaklingsbundinn hátt. Hver nemandi fær tækifæri til að nýta styrkleika sína, sem er lykilþátturinn í að byggja upp jákvæða sjálfsmynd. Stefnt er að því að nemendur sem útskrifast með stúdentspróf í tölvuleikjagerð hafi eftirfarandi gildi að leiðarljósi: sjálfstæði – skapandi hugsun – rökvísi – jákvæð samskipti.

Inntaka nýrra nemenda

Árið 2022 hófu 29 nýnemar nám í MÁ. Nemendur sem hófu nám haust 2022 voru 27 og 2 bættust við í lotu 2. Stjórnendur MÁ fóru í 13 grunnskólakynningar á Suðurnesjum, í Hafnarfirði og í Reykjavík. Fjarnámsáfangar Keilis voru árið 2022 töluvert auglýstir á samfélagsmiðlum til að auka aðsókn. Menntaskólinn tók þátt í Opnu húsi í tilefni 15 ára afmælis Keilis og birti umfjöllun um viðburðinn á samfélagsmiðlum. Einnig birtist ítarleg umfjöllun um Menntaskólann í sjónvarpi Víkurfrétta.

29 nýnemar hófu nám í MÁ haustið 2022 í kjölfar inntökuviðtala sem fara fram á hverju vori.

Að vori fóru fram inntökuviðtöl við umsækjendur um nám á stúdentsbrautinni. Stjórnendur brautarinnar sáu um viðtölin sem fóru fram á fjarfundi. Það er stór hluti af inntökuferli á mörgum sviðum Keilis að taka inntökuviðtöl og er litið svo á að um ákveðna nemendaþjónustu sé að ræða enda gefst umsækjendum tækifæri til þess að spyrja ítarlega út í námsaðstæður og fyrirkomulag.

Lögð er rík áhersla á bæði nútímalega kennsluhætti og vinnuaðstöðu á stúdentsbrautinni.



Nemendur MÁ komust langt í rafíþróttakeppni framhaldskólanna vorið 2022.

Félagsmálafulltrúi leiddi nemendur í frekari uppbyggingu nemendafélagsins Örgjörvans með góðum árangri. Helstu viðburðir Örgjörvans voru tveggja daga LAN, kvikmyndadagar, skemmtidagar og ýmiskonar keppni og áskoranir sem tengjast tölvuleikjum. Einnig tóku nemendur þátt í starfi SÍF og áttu fulltrúa á flestum viðburðum á vegum SÍF.

Skólastarfið

Starfsemi MÁ er eina sinnar tegundar á Íslandi með tilliti til sérhæfingar, samstarfs við atvinnulífið og vinnubrögð bæði í bóklegu stúdentsnámi svo og fjarnámshlaðborði. Nemendur sem sækja í nám á stúdentsbrautinni hafa af þessum sökum verið nokkuð jafnt frá höfuðborgarsvæðinu og frá Suðurnesjum.

Aðsókn í nám í Fjarnámshlaðborð Keilis er í vexti. Fjöldi einstaklinga sem sóttu fjarnámsáfanga árið 2022 eru rúmlega þrjú hundruð. Fjarnámshlaðborðið er með sérstöðu á markaði, en þar stendur umsækjendum til boða að sækja framhaldsskólaeiningar í fjölbreyttum áföngum óháð önnur. Námstímabilið í fjarnámsáföngum er ekki háð tilteknum dagsetningum líkt og í hefðbundnu annarskipulagi. Umsækjandi í fjarnámsáfanga getur hafið nám í áfanga um leið og innritun hefur farið fram, eða innan tveggja virkra daga. Nemendur sem stunduðu nám 2022 á fjarnámshlaðborði Keilis komu víða að og meðal annars erlendis frá. Nemendur MÁ koma víðsvegar að en meirihlutinn frá Suðurnesjum eins og sjá má í meðfylgjandi töflum. Meðalaldur nemenda eru 18 ár. Kynjahlutfall er 11% kvk og 89% kk. Það er áskoran að fá fleiri kyn í skólann til að auka fjölbreytni í nemendahópnum. MÁ er skapandi skóli þar sem öll kyn eru velkomin.

*Uppbygging
nemendafélagsins
Örgjörvans hefur gengið
frábærlega vel og
starfsemin þar er öflug.*

Búseta nemenda stúdentsbraut	Vor 2022	Haust 2022
Reykjanes	55.3%	61.3%
Norðurland	2.4%	1.3%
Höfuðborgarsvæðið	38.8%	35%
Vesturland	2.4%	1.3%
Suðurland	1.2%	1.3%

Búseta nemenda hlaðborð	2022
Reykjanes	20.6%
Erlendis	0.9%
Austurland	1.9%
Norðurland	4.7%
Höfuðborgarsvæðið	64.5%
Vesturland	1.9%
Suðurland	5.6%

Nemendur MÁ unnu samstarfsverkefni með fjölmörgum fyrirtækjum í tölvuleikjagerð á Íslandi árið 2022.

Samstarf

Samstarfsverkefni ársins skipta máli fyrir MÁ, bæði vegna sérhæfingar nemenda en einnig vegna áhugavekjandi og nútímalegra vinnubragða. Verkefni í áföngum í tölvuleikjagerð voru unnin í samstarfi við valin fyrirtæki úr atvinnulífinu. Meðal þeirra aðila sem störfuðu með MÁ að slíkum verkefnum voru CCP, Solid Clouds, Parity, Epic Games, Gísli Konráðsson, HS veitur, SI og IGI. Samstarf við aðila í hugverkaiðnaði og atvinnulífinu var ýmist skipulagt í heimboðum, gestamóttökum, innliti í skóla á námssvæði nemanda eða *fjar-samstarfi*. Einng samstarf við lögreglu, samstarf við námsráðgjafa, samstarf við FS.

Gæðastarf – aðferðir og markmið

Samkvæmt reglugerð nr. 700/2010 um mat og eftirlit í framhaldsskólum er árangur og gæði skólastarfsins metinn með kerfisbundnum hætti. Virkt mat er samofið annarri starfsemi skóla. Það er umbótamiðað og nær til allra helstu þátta skólastarfsins. Virk þátttaka starfsmanna, foreldra, nemenda og skólaráðs er í innra mati og matið byggir á fjölbreyttum aðferðum til söfnunar matsgagna.

Gæðamat sem skipulagt var fyrir skólaárið 2022 inniheldur eftirfarandi þætti:

- Matsfundur kennara 2x á önn
- Matsfundur nemenda 1x á önn
- Kennslukönnun nemenda í lok hvers áfanga
- Samtal við foreldra (ánægjukönnun)

Í kjölfar matsþátta er gerð samantekt og sett fram úrbótaáætlun í samstarfi við fagteymi brautarinnar og starfandi gæðaráð Keilis. Fyrstu niðurstöður matsþátta að hausti 2022 gefa sterklega til kynna að starfið sé vel skipulagt og faglegt, nemendur eru ánægðir, í kennurum er mikill hugur og foreldrar telja börnin sín ánægð. Úrbótaáætlun tekur á þeim liðum sem bæta má í starfseminni og unnið er að því að taka á öllum þáttum og setja úrbætur í farveg eins fljótt og hægt er.

Lokaorð

Í maí 2022 fór fram fyrsta hópútskrift frá Menntaskólanum á Ásbrú þegar tuttuguogeyri nemandi útskrifaðist við hátíðlega athöfn. Í MÁ eru hugmyndir framkvæmdar og hugaðir nemendur feta ótroðnar slóðir. Starfsmenn eru þó ekki síður hugaðir og það er magnaður hópur starfsmanna sem setur sér markmið á hverju vori fyrir haustið og nær þeim markmiðum ítrekað.

Fjarnámshlaðborðið hefur sannað gildi sitt og svarað kröfum fólks um að sinna stökum áföngum þegar hentar, en ekki samkvæmt skóladagatali. Fjarnámshlaðborðið styrkir stoðir allra sviða í Keili.



**Ingigerður
Sæmundsdóttir**
forstöðumaður
Menntaskólans á Ásbrú



6

FLUGAKADEMÍA ÍSLANDS

Starfsárið 2022 hjá Flugakademíu Íslands einkenndist af áframhaldandi samdrætti í nemendafjölda, áframhaldandi hagræðingaraðgerðum og straumlínulögun í rekstri. Fjöldi nemenda hefur ekki náð sér á strik eftir áföll heimsfaraldurs á iðnaðinn og þrátt fyrir hófsamar áætlanir um nemendafjölda hafa þær ekki staðist. Sala úr flugflota á vélum sem ekki henta stefnu skólans um nútíma vélar og öryggi fór fram og nemendur eru nú aðeins á tveim flugvéartypum í atvinnuflugmannsnámi sínu.

Hagræðingaraðgerðir voru mikið einskorðaðar við að skera niður rekstrarkostnað, hætta með bílaleigubíla og skera niður í launakostnaði og starfsfólki þar sem hægt var. Þjálfunarstjórum á flugvöllum Flugakademíunnar var sagt upp og starfið fært á Ásbrú til að bæta þjónustu við nemendur og kennara. Starfsmenn á flugvöllum hafa því aðeins það eitt hlutverk að tryggja framleiðslu flugtíma og þjónusta nemendur skólans.

Óskar Pétur Sævarsson
tók við stöðu nýs
forstöðumanns á árinu
2022.



Stjórnskipulag og starfslið

Mannabreytingar voru miklar hjá Flugakademíunni og var skipt um forstöðumann, yfirkennara bóklegra fræða og öryggisstjóra. Framkvæmdarstjóri Flugakademíunnar tók að sér störf Accountable Manager samkvæmt reglugerðum og staða forstöðumanns og skólastjóra voru sameinuð í starf Head of Training samkvæmt fyrrnefndri reglugerð. Stjórnskipulag skólans var að lokum einfaldað til að endurspegla hinn mikla samdrátt sem verið hefur í starfsemi hans. Þetta hefur leitt til enn meiri stöðugleika í rekstrinum og hefur álag á starfsfólk lagast mikið. Starfsfólk hefur skýrar verklagsreglur og skýrar starfslýsingar sem það nú fylgir og er starfsánægja innan Flugakademíunnar mikil. Nemendabjónusta hefur verið í forgangi og gildi Keilis, samstarf, virðing, framsækni og þjónusta, eru í hávegum höfð í daglegum störfum allra starfsmanna Flugakademíunnar.

*Starfsfólk hefur skýrar
verklagsreglur og
skýrar starfslýsingar og
starfsánægja innan IAA
er mikil.*

Húsnæðismál

Húsnæðismál skólans fyrir árið 2022 voru í góðum farvegi. Skýli 1 á Reykjavíkflugvelli var fengið á leigu fyrir flota skólans og hann fluttur í það. Fyrir lá þó í lok árs að það er að verða of stórt og verður verkefni næsta árs að vinda ofan af þessari breytingu. Verklef aðstaða á Reykjavík- og Keflavíkflugvelli breyttust ekkert enda þjóna þær mun fleiri nemendum en eru nú í námi. Skrifstofa Flugakademíunnar var flutt á nýjan stað innahúss á Ásbrú og hefur það mælst afar vel hjá starfsfólki. Það er afar ánægt með það næði sem það hefur til að sinna störfum sínum og nálægðin við skrifstofu fjármálasviðs er til heilla til að koma skikk á fjármál nemenda gagnvart Flugakademíunni. Skólastofur á Ásbrú hafa nýst vel og aðstaða þar öll til fyrirmyndar fyrir nemendum og kennara.

Leitast var við að tryggja öryggi og þjónustu þrátt fyrir erfiða rekstrarstöðu.

Rekstrarstaða

Allar Tecnam vélar skólans hafa verið seldar og/eða eru í söluferli. Þetta hjálpar mikið við afar erfiða fjárhagsstöðu skólans en þar spilar þó mest inn í að fækkun nemenda eftir heimsfaraldurinn heldur áfram að vera talsverð. Ráðist var í mikla kostnaðargreiningu við reksturinn af nýjum forstöðumanni og kostnaður því næst skorinn niður þar sem hægt var. Leitast var við í öllum hagræðingaraðgerðum að öryggi og þjónusta við nemendur myndi ekki skerðast. Störfum hjá Flugakademíunni hafði verið fækkað og ekki hægt að ráðast í frekari hagræðingaraðgerðir þar að sinni. Bætt var við fastráðnum flugkennurum til að tryggja framleiðslu flugtíma og koma í veg fyrir að enginn kennari væri til taks fyrir nemendur. Í lok árs var tekið upp samtal við FÍA til að tryggja flugkennurum Flugakademíunnar samninga og tryggja skólanum góða starfsmenn, en við lok árs hafði þessi hópur verið án kjarasamnings í þrjú ár. Viðræður gengu afar vel og var nýr samningur í höfn í janúar 2023.

Við fækkun nemenda hefur einingakostnaður aukist og það hefur ýtt verðskrá skólans upp á við. Um þriðjungur nemenda sem hætt hafa námi hjá skólanum 2022 báru við erfiðleika við að fjármagna námið sem ástæðu þess. Til að sporna við þessu og bæta þjónustu við nemendur setti Flugakademían upp greiðslugátt fyrir nemendur inn á bókunarkerfi skólans, en það bíður upp á mun meiri sveigjanleika fyrir nemendur að greiða fyrir námið og komast þannig hjá að þurfa að hætta í námi.

Flugöryggis- og gæðamál

Áframhaldandi skuldbinding Flugakademíu Íslands til að reyna ætíð til hlítar að halda uppi hæsta mögulega öryggisstaðli er verkefni sem er grafið í sál og rekstur skólans. Mikið verk hefur verið unnið í þá átt af fyrrum öryggisstjóra og fjöldi tilkynninga til skólans af framlínustarfsfólki hefur aukist jafnt og þétt. Mikið verk hefur verið unnið í þessa átt og sanngirnismenning skólans er mörgum öðrum stofnunum hvatning og samstarf við aðila innan fluggeirans innanlands reynst vel í þessum efnum.

Öryggismál hafa ætíð verið í hávegum höfð af stjórnendum skólans og þeim ætíð gert hátt undir höfði á öllum starfsmannafundum og við hverskonar samkomur starfsmanna. Allir starfsmenn Flugakademíunnar voru endurbjálfaðir í öryggiskerfi og stöðlum hennar á árinu. Öryggisstjóri gegnir mikilvægu hlutverki og hefur greiðan aðgang að öllum deildum skólans og hefur gefið út fréttabréf um flugöryggi innan hans. Mikil vinna fer í að tryggja að tilkynningar frá framlínustarfsfólki séu flokkaðar niður, unnar samkvæmt reglugerðum þar að lútandi og atvik tilkynnt áfram, bæði utan og innan Flugakademíunnar. Lykilatriði í þessu er að læra af rekstri skólans hvernig bæta megi öryggi, hagræða og bæta þjónustu. Enginn deild skólans er þessu undanskilin og eru samræður á milli starfsmanna og öryggisstjóra ætíð jákvæðar og lausnamiðaðar.

Öryggismálum hefur ætíð verið gert hátt undir höfði og sett í fyrsta sæti í hvívetna.

Framtíðarsýn og þróun

Á næstu misserum gefst gott tækifæri til að kjarna starfsemi Flugakademíunnar enn meira og skera í burtu óhagkvæmar einingar og námskeið sem ekki þjóna starfseminni vel. Mikilvægt er að halda þétt að rekstrinum á meðan nemendafjöldi er ekki meiri og aðeins hefja uppbyggingu starfseminnar aftur eftir að áhugi á flugnámi tekur aftur við sér. Erfiðleikar í aðfangakeðjum flugsins eftir heimsfaraldur virðast vera að leysast og áhugi á flugnámi er að aukast.

Flugakademía Íslands er einstaklega vel búin þegar kemur að tækjakosti en huga verður að framtíðinni. Ef skólinn ætlar að vera vel í stakk búinn til að taka á móti auknum fjölda nemenda þarf að ráðast í að endurnýja elstu vélar flotans. Mikilvægt er að þetta skref verði tekið strax árið 2023 fyrir tveggja hreyfla vél skólans en hún er mikið flogin og nú eina vél landsins sem þjónustar flugmenn til endurnýjunar réttinda og til að nemendur geta hlotið réttindi til þess að verða flugmenn.

Mikilvægt er að tryggja aðgang að flugnámi fyrir alla og þar verður ríkisvaldið að stíga inn m.t.t. lánamöguleika og fjármögnunar námsins.

Tryggja verður rekstrinum framtíðarheimili á flugvelli nærri höfuðborgarsvæðinu en framganga Reykjavíkurborgar og þau höft sem hún leggur á uppbyggingu á Reykjavíkflugvelli eru farin að gera vart við sig í rekstri Flugakademíunnar. Skýli vallarins eru óhentug og skrifstofuhúsnæði illfáanlegt. Framganga borgarinnar veldur því einnig að ekki er ráðist í frekari uppbyggingu á innviðum vallarins til betra öryggis. Byggð sem sett hefur verið upp nærri velli hefur meiri áhrif á litlar vélar og sviptivindar af fyrrnefndum byggingum gera aðflug krefjandi. Ljóst er að takmarkanir sem losnuðu á tímum heimsfaraldurs munu verða endurvaktar á Keflavíkflugvelli og mun það gera illmögulegt að reka flugskóla á þeim velli, en líklegt er að takmarkanir við komur og brottfarir véla sem ekki hafa fengið úthlutað aðflugs- og aðstöðutímum munu snúa aftur sumarið 2023. Flugakademían og hennar rekstur gegnir lykilatriði í að mennta íslenska flugmenn til framtíðar og lykillinn að því er góður floti með öflugum aðstöðu til að gegna því hlutverki.

Kostnaður við flugnám hefur ætíð verið verulegur en er nú kominn á það stig að mikilvægt er að tryggja jafnan aðgang að flugnámi fyrir alla þá sem á það huga. Þar er mikilvæg aðkoma þeirra aðila er stýra lánnum til nemenda og/eða menntamálum í landinu. Það er lykillinn að því að fjöldi aukist að nýju og tryggi þannig rekstrargrundvöll fyrir eina flugskóla landsins sem er í stakk búinn til að mennta flugmenn fyrir framtíðina.

Lokaorð

Allir þeir flugmenn sem misstu störf sín í heimsfaraldrinum hjá stóru flugrekendum Íslands hafa nú fengið boð um að snúa aftur til starfa og greinilegt er að flugiðnaðurinn muni taka við sér hraðar en spár gerðu ráð fyrir. Líklegt er að ef Flugakademían verði ekki vel í stakk búin með góða innviði og öflugan flota kennsluvéla til að mennta flugmenn muni hún verða flöskuháls þegar kemur að menntun flugmanna og hindra að öflugur flugiðnaður haldi áfram að byggjast upp á Íslandi.

Flugakademía Íslands mun halda áfram á þeirri vegferð að mennta flugmenn framtíðarinnar með gildi Keilis að leiðarljósi. Flugakademían er gífurlega vel búin starfsfólki og búnaði og getur hæglega tekið við auknum fjölda nemenda á næstu árum. Tækifærið sem núverandi fjárhagsörðugleikar hafa fært stjórnendum til að hlúa að og kjarna reksturinn hefur ekki farið forgörðum. Reksturinn hefur verið yfirfarinn og undirbúinn fyrir næstu sókn fram á veginn til framtíðar íhóflegum og vel ígrunduðum skrefum. Framtíð flugsins er björt og áhugi á flugnámi að styrkjast. Flugakademía Íslands er algjörlega tilbúin til að takast á við þann áhuga og mætir þartri framtíð af hófsemi, staðfestu með öryggi að leiðarljósi.



**Óskar Pétur
Sævarsson**
*forstöðumaður
Flugakademíu Íslands*



7

MENNTA- OG ÞJÓNUSTUSVIÐ

Mennta- og þjónustusvið er stoðsvið við þær deildir sem starfa innan skólans. Undir Mennta- og þjónustusvið fellur tölvuþjónusta, nemendaskráning, nemendabókhald, kennsluráðgjöf, náms- og starfsráðgjöf, vefstjórn, rekstur mötuneytis, þjónustuborð, innheimta skólagjalda og umsjón með þrifum. Fjöldi starfsfólks á Mennta- og þjónustusviði árið 2022 var stærstan hluta árs tólf. Átta í 100% stöðu, þrjár í 50% stöðu og einn í 37,5% stöðu. Sú breyting varð á vordögum að prófstjórn og skjalastjórn var tekin úr umsjón sviðsins.

Þær deildir sem eru enn með próf sjá nú um sín próf sjálf og forstöðumenn bera nú ábyrgð á skjalastjórn sinna deilda. Forstöðukona Mennta- og þjónustusviðs er Anna María Sigurðardóttir og verkefnastjóri er Fjóla Þórdís Jónsdóttir.

Hlutverk Mennta- og þjónustusviðs eru m.a. samskipti, skýrslugerðir og gagnaúrvinnsla fyrir Menntamálastofnun, menntamálaráðuneyti, Hagstofuna og Menntasjóð námsmanna.

Hlutverk Mennta- og þjónustusviðs er m.a. að sinna tölvuþjónustu fyrir nemendur og starfsfólk Keilis.

Náms- og starfsráðgjafar sinna nemendum allra sviða skólans.

Ráðgjöf í fjarfundum þróaðist á tímum heimsfaraldurs og nemendum sem þess óska býðst í dag enn að bóka tíma í fjarfundum.

Sviðið hefur umsjón með umsóknarvef, nemendabókhaldi og stundatöflugerð á Innu, framkvæmd útskrifta og ber ábyrgð á skólanámskrá. Það framkvæmir kennslu- og þjónustukannanir, heldur matsfundi í öllum deildum og heldur utan um gæðamál, ásamt því að skipuleggja og hafa yfirsýn yfir stofunýtingu og þá starfsemi sem á sér stað innan Keilis. Þá er hlutverk Mennta- og þjónustusviðs einnig að sinna tölvuþjónustu fyrir nemendur og starfsfólk, þróun og umsjón kennslukerfis í stað- og fjarnámi, náms- og starfsráðgjöf, vefstjórn, og að aðstoða kennara með hljóðvinnslu og upptökur. Sviðið tekur saman tölulegar upplýsingar sem snúa að nemendum, sinnir kennsluráðgjöf til kennara og þjálfar alla kennara og nemendur Keilis til notkunar á kennslukerfi. Einnig er Mennta- og þjónustusvið stoðsvið við aðrar deildir Keilis og kemur að hinum ýmsu verkefnum innan skólans.

Megin áhersla ársins var eins og alltaf að þjónusta nemendur og starfsfólk eftir bestu getu. Eitt stærsta verkefni Mennta- og þjónustusviðs á árinu var innleiðing nýs kennslukerfis, Canvas, sem tók við af Moodle. Kennslukerfið var innleitt á flestar brautir Keilis með góðum árangri. Innleiðing á fleiri brautir mun halda áfram árið 2023. Í gæðamati nemenda var ákall umað boðið væri upp á heitan mat í hádeginu og því var leitað margra leiða til að verða við því. Niðurstaðan varð að Keilir fær nú sendan mat frá Skólamat sem matráður Keilis í mötuneyti sér um að útbúa og afgreiða. Við þessar breytingar fór matráður úr 100% starfi í 50% starf.

Náms- og starfsráðgjöf

Þrjú starfsmenn sinna náms- og starfsráðgjöf í Keili. Einn í 100% stöðu og tveir í 50% stöðu.

Námsráðgjafar Keilis leitast við að veita nána og persónulega ráðgjöf með það að markmiði að styrkja sjálfstæði og sjálfstraust nemenda. Í því skyni leitast ráðgjafarnir við að vera til staðar þegar nemendur þurfa á að halda og vera mjög sýnilegir í öllum rýmum skólans.

Undanfarin ár hafa námsráðgjafar sinnt nemendum allra deilda skólans og svarað fyrirspurnum um nám í deildum skólans. Samhliða námsráðgjöf hafa þau sinnt fleiri verkefnum eins og að halda stutt fræðsluerindi fyrir nemendur, aðstoða deildir með umsóknir, sinna hluta af prófstjórn, hafa umsjón með lesblindugreiningum, taka þátt í kynningum og margt fleira.

Örar breytingar á námsframboði Keilis og aukið hlutfall nemenda í fjarnámi gera kröfur til námsráðgjafa um sveigjanleika og þróun vinnuaðferða og samskiptamáta.

Heimsfaraldur kórónuveirunnar hafði þau áhrif að starfsmenn fundu nýjar leiðir til að sinna nemendum í fjarnámi. Á síðastliðnu ári hafa þær aðferðir áfram nýst vel og hefur ráðgjöf í fjarfundum og í síma aukist til muna. Þó er alltaf pláss fyrir þróun og breytingar sem geta bætt þjónustu náms- og starfsráðgjafa enn frekar og þá ekki síst ráðgjöf er snýr að fjarnámi.

Náms- og starfsráðgjafar Keilis líta á endurmenntun sem mikilvægan þátt í starfi sínu. Á síðasta ári fóru þeir meðal annars í námsferð til Spánar ásamt hópi kennara, sóttu námskeið á vegum Euroguidance, ráðstefnu á vegum félags náms- og starfsráðgjafa ásamt ýmsum styttri fræðsluerindum og fyrirlestrum er nýttast í starfinu bæði innan skólans sem utan.

Tölvudeild

Þrjú starfsmenn starfa í tölvuþjónustu, tveir í 100% stöðu og einn starfsmaður sem sinnir vefstjórn í 37,5% stöðu. Helstu verkefni tölvudeildar á árinu var að klára uppsetningu á Airtame sem er lausn til að deila skjám þráðlaust og er Airtame nú komið í flestar kennslustofur Keilis. Þá var eitt stærsta verkefni tölvudeildar innleiðing á kennslukerfinu Canvas sem kom í stað Moodle. Þá hætti Keilir að nota innri vefinn Workplace og innleiddi í staðinn Yammer, sem hefur leitt af sér að nánast öll innri samskipti fara þar í gegn og þar af leiðandi hefur upplýsingatölvupóstum fækkað verulega. Í lok árs hófst undirbúningur og vinna við að skipta um þjónustuaðila símkerfis og internets. Slíkt tekur tíma og er áætlað að verði lokið um mitt ár 2023.

Helstu verkefni framundan hjá tölvudeild er uppsetning á nýju símkerfi, sem er alfarið á tölvum, og þar af leiðandi verða borðsímur fjarlægðir. Þá heldur vinna áfram við að koma netkerfinu í rétt horf og setja Sharepoint hópa rétt upp og með rétta aðgangsstýringu.

Vefstjórn

Haldið var áfram með þróun nýrrar heimasíðu og aðlögun hennar að síbreytilegum aðstæðum í starfsemi Keilis. Helstu breytingar á árinu voru að námseining var tekin úr notkun og tengingu heimasíðunnar við Innu sagt upp. Ástæða þess var að öll virkni og breytingar voru háð aðkomu þriðja aðila, sem skapaði mikið óhagræði og ófyrirséðan kostnað. Í staðinn voru útbúin undirsvæði á síðunni fyrir þá flokka sem eftir stóðu með svipaðri virkni og aðalsíður Keilis.

Það helsta sem liggur fyrir er tiltekt í skráum í bakenda síðunnar og skráarsvæði en mikið af efni hefur hlaðist þar upp á þeim tíma sem síðan hefur verið í gangi, en fyrsta útgáfa hennar í þessum grunni var sett á laggirnar árið 2010. Annað brýnt verkefni er uppfærsla á höfuðmyndum (sk. headermyndum), bæði á forsíðum og undirsíðum.

Útskriftir

Fjórar útskriftir voru haldnar á árinu, í janúar, maí, júní og ágúst. Janúar og júní útskriftir fóru fram í Hljómahöll og var júní útskrift tvískipt vegna mikils fjölda útskriftarnema. Í maí var 21 nemandi útskrifaður með stúdentspróf í tölvuleikjagerð og fór athöfnin fram í húsnæði Keilis. Þá voru nemendur af verk- og raunvísindadeild Háskólabrúar útskrifaðir í sal Keilis í ágúst. Árið 2022 útskrifaði Keilir 307 nemendur í heildina, flestir útskrifuðust af Háskólabrú eða 154 nemendur. Hér að neðan má sjá yfirlit yfir fjölda útskriftarnema eftir brautum árið 2022. Í lok árs 2022 hafði Keilir útskrifað 4548 nemendur frá upphafi.

Braut	Fjöldi
Háskólabrú-Fjarnám	133
Háskólabrú-staðnám	21
ÍAK-Einkaþjálffarar	30
ÍAK-Styrktarþjálffarar	16
ATPL - Atvinnuflugmannsnám	33
PPL - Einkaflugmannsnám	17
Ævintýraleiðsögunám	12
Fótaaðgerðafræði	11
Nordic Fitness Education	2
Menntaskólinn á Ásbrú	21
Fagháskólanám í leikskólafræðum	11
Samtals árið 2022:	307

Kennsluráðgjöf

Kennsluráðgjafi sinnir kennsluráðgjöf í 50% stöðu. Áhersla er lögð á að taka vel á móti öllum nýjum kennurum, kynna þá fyrir þjónustu Mennta- og þjónustusviðs og mynda við þá góð tengsl frá upphafi. Kennarar nýta sér þessa þjónustu í auknum mæli. Til að einfalda kennsluráðgjöf og tryggja að allir kennarar hafi aðgang að mikilvægum upplýsingum, hefur kennsluráðgjafi sett upp áfanga fyrir kennara inni á kennslukerfinu Canvas. Kennsluráðgjafi og Mennta- og þjónustusvið, í samvinnu við sviðsstjóra, halda einnig utan um Canvas áfanga fyrir nýnema í flestum deildum skólans, þar sem farið er yfir mörg af helstu atriðum sem vefjast gjarnan fyrir nemendum í upphafi náms. Námskeiðinu hefur verið vel tekið og ljóst er að þessi þjónusta er komin til að vera. Eitt af stóru verkefnum ársins var að innleiða Canvas kennslukerfið sem leysti Moodle af hólmi og gekk það ferli vel. Canvas kennslukerfið er keypt af fyrirtæki sem heitir Instructure og þau héldu utan um mjög vel skipulagt innleiðingarferli sem tryggði nauðsynlega þjónustu við kerfisstjóra í Canvasteymi Keilis, ásamt netnámskeiðum fyrir kennara.

Vinna við að efla netkerfið á Ásbrú er í vinnslu auk þess að tryggja rafrænt öryggi.

Fjórar útskriftir voru haldnar árið 2022 og tvær þeirra fóru fram í Hljómahöll í Reykjanesbæ.

Gæðamál

Gæðaráð leitast við að starfsemin taki sem mest mið af markmiðum Keilis. Í því skyni stuðlar gæðaráð að innra eftirliti, innri úttektum sem og tillögum til úrbóta eftir því sem kostur er. Skal stöðugt leitað eftir samstarfi nemenda og starfsfólks í þessu skyni.

Gæðaráð er skipað einum aðila úr hverri deild valið af framkvæmdastjóra. Einnig eru fulltrúar foreldra, kennara og nemenda kallaðir á gæðaráðsfundi þegar við á. Gæðaráð fundaði átta sinnum á árinu eða fjórum sinnum á hverri önn. Einnig er gæðaráð með samskiptasíðu sem notast er við á milli funda ef þess er þörf.

Á árinu vann skólinn markvisst að framkvæmd sjálfsmats í samræmi við áætlun um innra mat. Fjöldi innri úttekta voru framkvæmdar ásamt því að úrbótaáætlun var gerð. Megin verkefni gæðaráðs var að yfirfara alla ferla í gæðahandbók og búnir til nýir vinnuhópar til að fara yfir allar stefnur Keilis. Úrbótaáætlun var gerð út frá niðurstöðum innri úttekta og markvisst unnið út frá þeim á nýju skólaári. Yfirlit um innri úttektir á árinu:

- *Kennsla og kennsluhættir (matsfundir, kennslukannanir)*
- *Tölulegar upplýsingar (skráningarbrottfall, aldur, kyn og búseta nemenda, nemendafjöldi, fjöldi útskrifaðra og brottfall eftir að nemendur byrja í námi)*
- *Starfsmannasamtöl og vinnustaðakönnun starfsfólks*
- *Könnun um líðan nemenda og þjónustu skólans*
- *Prófanir í tölvudeild*
- *Náms- og starfsgengi þeirra sem útskrifaðir eru*
- *Úttekt á stöðu eigna*
- *Ánægjukönnun foreldra ólögráða nemenda*
- *Úttekt á jafnlaunavottun.*

Starfshlutfall á þjónustuborði var minnkað úr tveimur 100% stöðum í eina á árinu og opnunartími stytur.

Tölulegar upplýsingar

Nemendafjöldi er ólíkur eftir sviðum eins og sjá má í töflu. Nám í Nordic Personal Training (NFE) og Adventure Guide Certificate (AGC) var lagt niður að lokinni vorönn. Þá útskrifaðist hópur úr fagháskólanámi í leikskólafræðum og var ákveðið að fara ekki af stað með nýjan hóp að sinni.

Sviðo	Fjöldi vorönn	Fjöldi haustönn
HBR	24	23
HBR-F	282	239
HLB	85	107
ITP	318	107
ÍAK	48	44
KAA	205	137
MÁ	85	80
NFE	14	0
LEIK	19	0
AGC	18	0
FÓT	24	24
Samtals	1122	761



*Anna María
Sigurðardóttir
forstöðumaður
Menntasviðs*



8

FJÁRMÁLASVIÐ

Fjármálasvið vinnur þvert á öll svið innan Keilis og stundar virkt eftirlit með rekstri allra sviða Keilis og dótturfélaga. Sviðið stuðlar að bættum rekstri einstakra eininga með því að gera stjórn og starfsmönnum kleift að taka ákvarðanir sem byggja á góðum upplýsingum. Áhersla er lögð á stafrænar lausnir til að einfalda ferla og auka skilvirkni. Hlutverk fjármálasviðs er að stuðla að því að allar einingar Keilis og dótturfélaga nái hámarksárangri fyrir viðskiptavini, starfsfólk og eigendur.

Árið var viðburðaríkt þar sem farið var í endurskipulagningu á starfsemi félagsins með því markmiði að hagræða í rekstri og koma á skilvirkari ferlum. Árangur ársins var góður en sú vinna mun halda áfram til að aðlaga reksturinn að markaðinum og tryggja góðan rekstrargrundvöll til framtíðar.

Hagræðingarkrafa gerði það að verkum að fækkað var um eitt stöðugildi og Sigurður Bjarni Hafþórsson tók við sem fjármálastjóri.

Engin frábrigði komu fram við jafnlaunavottunarferli og styður kerfið við stefnu og markmið skólans í jafnlaunamálum.



**Sigurður Bjarni
Hafþórsson**
Fjármálastjóri

Rekstrarniðurstaða

Rekstur ársins var í samræmi við væntingar stjórnenda miðað við þær hagræðingar sem framkvæmdar voru á árinu sem voru talsverðar. Rekstrarhagnaður var á starfseminni félagsins fyrir afskriftir og fjármagnsliði en nánari rekstrarniðurstöðu ársins má sjá í ársreikningi félagsins.

Skipulag

Fjármálasvið samanstendur af reikningshaldi, umsjón húsnæðis skólans og rekstur Keilisgarða sem eru leiguíbúðir fyrir nemendur Keilis. Sviðið sér um umsýslu fjárhags, starfsmannamál, áætlanagerð, greiningarvinnu og hefur virkt eftirlit með öllum sviðum samstæðunnar sem eru eftirfarandi:

Keilir miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs ehf., kt. 500507-0550.

Fasteignafélagið Keilir ehf., kt. 450115-0100.

Iceland Aviation Academy ehf., kt. 671108-0190.

Á fjármálasviði starfa fjármálastjóri, aðalbókari, fulltrúi á fjármálasviði, umsjónarmaður fasteigna og umsjónarmaður keilisgarða. Stöðugildin eru 4,375 og fækkaði um eitt á árinu.

Jafnlaunavottun

Á árinu fór fram fyrsta viðhaldsúttekt á jafnlaunavottun félagsins en þar kom fram að jafnlaunakerfi Keilis væri hannað til að ná markmiðum og stefnu skólans í jafnlaunamálum. Í úttektinni kom fram að styrkleikar jafnlaunakerfis væru vilji stjórnenda til að vinna að stöðugum umbótum, engin frábrigði komu í ljós en bent var á þrjú tækifæri til úrbóta.

Húsnæðismál

Húsnæði skólans er í eigu Fasteignafélags Keilis sem leigir áfram til Keilis en um er að ræða 5.507 fermetra húsnæði þar sem kennsla hjá öllum sviðum fer fram. Til viðbótar hefur félagið á leigu tvö flugskýli sem staðsett eru í Reykjanesbæ og Reykjavík þar sem verkleg flugkennsla fer fram. Mikið er lagt upp úr því að húsnæði og aðbúnaður sé fullnægjandi fyrir starfsemi skólans. Úttekt á húsnæði er framkvæmd árlega og sett var fram viðhaldsáætlun sem kemur til framkvæmda á árinu 2023.

Keilisgarðar

Keilir gerði samning við fasteignafélagið Heimstaden árið 2018 um leigu á tveimur íbúðarblokkum á Ásbrú til að leigja nemendum. Rekstur Keilisgarða hefur verið erfiður undanfarn ár þar sem nýting hefur minnkað verðulega m.a. vegna heimsfaraldurs. Samkomulag náðist við Heimstaden á árinu þess efnis að félagið skilaði annarri íbúðarblokkinni til Heimstaden og mun vera með rekstur á einni blokk til nóvember árið 2023. Við þessa breytingu náðist töluverð hagræðing í rekstri samhliða því að ná betri nýtingu á húsnæðinu.



Keilir

Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs